

Ó-saga

Einu sinni var strákur sem var óvenju málsnjall og minnugur og góður að nota ímyndunaraflíð. Hann var líka mjög flinkur að syngja og hann þekkti mörg lög sem hann var búinn að læra í leikskólanum. Strákurinn hét

_____ og leikskólinn hans hét _____.

_____ hafði nýlega fundið mjög fallegan óskastein. Hann var svartur og kringlóttur og _____ hafði skrifað stafinn sinn, Ó, á steininn og falið hann á mjög góðum felustað. En nú var hann búinn að velja sér ósk og eftir leikskólann í dag ætlaði hann að ná í steininn, halda honum í lófanum og óska sér. Hann var viss um að það myndi virka, því að draumar geta ræst, alveg eins og í laginu sem þau sungu stundum í leikskólanum.

Nú vildi svo til að einmitt þennan dag hafði vondi galdrakarlinn fundið upp á því að hann vildi stela öllum óskasteinum. Og ekki bara það, hann stal öllu sem hægt var að nota til að óska sér! „Enginn á að fá neina ósk uppfyllta nema ég!“ sagði hann. „Ég óska mér þess að vera óþekkur, ómögulegur, ógurlegur og óttalegur olátabelgur! Heh, heh, heh!“

Þannig að þegar _____ fór til að sækja óskasteininn sinn var hann horfinn. „Ó nei!“, sagði _____, „ótrúlega er ég óheppinn! Steinninn er horfinn og ég náði ekki að óska mér! Hvað ætli hafi komið fyrir hann?“ Þá heyrði hann allt í einu rödd rétt hjá sér: „Það get ég sagt þér. Vondi galdrakarlinn kom og stal öllu sem hægt er að nota til að óska sér.“

_____ horfði í kringum sig mjög hissa. Hann sá engan. „Hver ert þú? Hvar ertu?“ spurði hann. Röddin svaraði. „Ég er hér, en ég er ósýnilegur. Ég heit Púff og er töfradreki. Venjulega eru það bara fullorðnir sem geta ekki séð mig en nú er ég líka orðinn ósýnilegur fyrir börn. Þegar galdrakarlinn stal öllum óskahlutunum þá gat ég ekki lengur uppfyllt óskir barna um leikfélaga og skemmtilega leiki og þá gátu þau heldur ekki lengur séð mig. En það er gott að þú getur í það minnsta heyrt í mér. Viltu hjálpa mér að fara til galdrakarlsins, _____, svo að hann skili aftur óskasteininum þínum og öllum hinum hlutunum sem hann hefur stolið?“

Að sjálfsgöðu var _____ til í það. „Er eitthvað sem við þurfum að taka með?“ spurði hann. „Hmmm,“ sagði Púff. „Já, við þurfum... glerbrot, álpappír og kúlupenna.“ _____ fannst þetta svolítið skrítið en treysti Púff fullkomlega. Eftir að þeir höfðu fundið þessa hluti lögðu þeir af stað.

Fyrst fóru þeir gegnum ævintýraskóginn þar sem þeir heyrðu töfrafuglinn syngja hátt uppi í tré. Síðan fóru þeir kringum froskatjörnina þar sem froskarnir kvökuðu og heilsuðu þeim vingjarnlega. Næst flýttu þeir sér fram hjá draugahúsinu. Það var svolítið óhugnanlegt.

Eftir að þeir höfðu gengið lengi komu þeir að gömlum eineygðum manni sem stóð hjá risastóru tré og kallaði upp: „Huginn og Muninn, komið nú niður undir eins. Þetta er hætt að vera fyndið!“

„Hvern ertu að kalla á?“ spurði _____ manninn. „Hrafnana mína,“ sagði hann. „Ég heiti Óðinn og hrafnarnir mínir heita Huginn og Muninn. Þeir eru móðgaðir út í mig vegna þess

að ég gleymdi afmælisdeginum þeirra, og nú vilja þeir ekki koma niður úr stóra trénu hérna sem heitir Askur Yggdrasils.“

Nú skildi _____ hvers vegna Púff hafði viljað taka glerbrot, álpappír og kúlupenna með. Hrafnar eru nefnilega mjög hrifnir af glitrandi hlutum, þannig að glerbrot og álpappír eru fullkomnar afmælisgjafir, og kúlupennann gæti Óðinn notað til að skrifa afmælistort. Þetta útskýrði hann fyrir Óðni og nú voru hrafnarnir tveir loksins tilbúnir að fyrirgefa honum. Þeir flugu niður og settust á axlirnar á Óðni.

„Heldurðu að þeir verði glaðir ef ég syng fyrir þá lag um krumma?“ spurði _____. „Það er ég viss um,“ sagði Óðinn. Eftir að _____ var búinn að syngja krunkuðu hrafnarnir í eyrað á Óðni eins og þeir hefðu fengið góða hugmynd. „Af því að þú hjálpaðir okkur að sættast,“ sagði Óðinn, „vilja Huginn og Muninn gefa þér þennan töfrapoka. Það er alltaf hægt að taka upp úr honum það sem þú þarft mest á að halda.“

_____ þakkaði kærlega fyrir töfrapokann og hélt áfram á leiðinni til galdrakarlsins. Þeir Púff klifruðu upp á fell og sáu þá kastalann hans í fjarska. „Flýtum okkur nú, Púff,“ sagði _____ og þeir hlupu afganginn af leiðinni.

Fyrir utan kastalann herti _____

upp hugann og bankaði á kastaladyrnar.

Galdrakarlinn kom til dyra. „Hver ert þú og hvað viltu?“ spurði hann ókurteislega. „Ég heiti _____ og ég vil fá þig til að skila óskasteininum mínum og líka öllu hinu sem maður getur notað til að óska sér.

„Hmm,“ sagði galdrakarlinn. „Allt í lagi, en þá vil ég fá eitthvað annað í staðinn. Ég vil fá 10 hluti sem byrja á Ó. Það geturðu örugglega ekki því að það er svo lítið til sem byrjar á þeim bókstaf.“

En _____ brosti bara, því að hann var með töfrapokann. Hann stakk höndinni niður í pokann og dró upp.....

Eftir að _____ var búinn að taka tíu hluti upp úr pokanum þurfti galdrakarlinn að skila öllum óskahlutunum, þar á meðal óskasteininum hans. Og nú var Púff líka orðinn sýnilegur fyrir honum, þótt galdrakarlinn gæti greinilega ekki séð hann. _____ varð mjög glaður því að nú gat hann óskað sér. Hann óskaði sér að hann myndi aldrei hætta að geta séð vin sinn Púff, ekki einu sinni þegar hann yrði fullorðinn.

Og sú ósk rættist.